

Nefndasvið Alþingis
vt. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

25. júní 2013
Tilvísun: 2013060064/10.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.) - 20. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. júní 2013 sl. Meðfylgjandi eru ábendingar eftirlitsins vegna frumvarpsins.

Vegna 1. gr. og b-liðar 4. gr.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að Seðlabankinn fái þær heimildir sem bankinn telur mikilvægar til að afla upplýsinga vegna hlutverks síns. Fjármálaeftirlitið vekur hins vegar athygli á að 1. gr. og b-liður 4. gr. frumvarpsins eru efnislega tekin úr drögum að frumvarpi til laga um fjármálastöðugleikaráð sem er til umsagnar á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins til 26. ágúst nk.

Eftirlitið telur óheppilegt að taka hluta úr drögum úr frumvarpi til laga um fjármálastöðugleikaráð fyrir í því frumvarpi sem nú er til umsagnar, án þess að lagt sé heildstætt mat á aðra þætti sem færa ætti í lög á sama tíma. Sé það ætlun löggjafans að gera þær breytingar á sumarþingi sem fram koma í því frumvarpi sem er til umsagnar, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, er mikilvægt að löggjafinn hugi einnig að öðrum efnispáttum í drögum að frumvarpi til laga um Fjármálastöðugleikaráð og færi, eftir atvikum, í lög m.a. að því er varðar breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Vegna b-liðar 2. gr.

Ákvæðið veitir Seðlabanka Íslands heimild til að setja reglur um lágmark stöðugar fjármögnunar (NSFR). Hér er um að ræða reglur er varða tæknileg viðmið fyrir varúðareftirlit með fjármálafyrirtækjum og fylgja Basel III staðlinum um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja. Umræddur staðall verður innleiddur á EES-svæðinu á komandi árum í gegnum CRD IV löggjöf ESB og mun kalla á breytingar á lögum og reglum hér á landi. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að unnið er að undirbúningi að því innleiðingarverkefni í nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis. Eitt af þeim álitamálum sem enn þarfnast úrlausnar er innleiðing svonefndra tæknistaðla EBA um ýmis efni, þ.m.t. lausafjárhlutföll og um lágmark stöðugar fjármögnunar (NSFR).

Á meðan enn er óljóst hvernig umræddir tæknistaðlar verða innleiddir hér á landi, er



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

æskilegt að bíða með setningu reglna um lágmark stöðugar fjármögnunar (NSFR) af hálfu Seðlabanka Íslands. Gæta þarf þess að slíkar reglur skarist ekki á við hluta löggjafarinnar sem Íslandi er ætlað að innleiða. Seðlabanki Íslands á, líkt og Fjármálaeftirlitið, sæti í nefndinni sem vinnur að innleiðingu CRD IV. Í gegnum nefndarstarfið hefur Seðlabankinn því upplýsingar um stöðu og framgang innleiðingar CRD IV, bæði hvað varðar lágmark stöðugar fjármögnunar (NSFR) og aðra þætti svo sem eiginfjárpúða (e. *capital buffers*). Að mati Fjármálaeftirlitsins kann jafnframt að vera ástæða til að bíða með að lögfesta heimild Seðlabankans til að setja umræddar reglur, þar til frumvarp til innleiðingar á CRD IV verður lagt fram í haust.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Hjálmar S. Brynjólfsson
Hjálmar S. Brynjólfsson